



**HAUSTSKÝRSLA HAGDEILDAR ASÍ**  
OKTÓBER 2007



**KAUPMÁTTURINN ER OKKAR MÁL**



## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR HAGSPÁR</b> .....	<b>3</b>
<b>HAGSPÁ FYRIR ÁRIN 2008 OG 2009</b> .....	<b>4</b>
EINKANEYSLA .....	4
SAMNEYSLA .....	5
FJÁRFESTINGAR .....	6
ÞJÓÐARÚTGJÖLD .....	7
INNFLUTNINGUR .....	7
ÚTFLUTNINGUR .....	8
VIÐSKIPTAJÖFNUÐUR .....	8
VINNUMARKAÐUR, LAUN OG KAUPMÁTTUR .....	9
VERÐLAG, VEXTIR OG GENGI .....	10
<b>LAUNAHLUTFALLIÐ</b> .....	<b>12</b>
ÞRÓUNIN Á ÍSLANDI .....	12
MISMUNUR MILLI GREINA .....	13
MISMUNUR MILLI LANDA .....	13
AF HVERJU HÁTT HLUTFALL? .....	14
<b>LÁGMARKSLAUNIN</b> .....	<b>15</b>
ÞRÓUNIN Á ÍSLANDI .....	15
LÁGMARK OG MEÐALTAL .....	16
MISMUNUR MILLI LANDA .....	16
LÁGMARKSLAUN, TIL HVERS? .....	17
<b>HVAÐ RÆÐUR LAUNABREYTINGUM?</b> .....	<b>19</b>
LAUNASKRIÐ .....	20
BREYTINGAR Á RAUNLAUNUM/KAUPMÆTTI .....	20
<b>LAUNABRÓUNIN 2004 – 2007</b> .....	<b>22</b>
MEÐALLAUNABREYTINGAR EINSTAKRA HÓPA .....	22
HVERNIG DREIFAST LAUNABREYTINGARNAR? .....	22

Útgefandi:

Alþýðusamband Íslands  
Sætúni 1, 105 Reykjavík  
Sími: 53 55 600

Ábyrgðarmaður:

Heimasíða: [www.asi.is](http://www.asi.is)  
Grétar Þorsteinsson



## Inngangur

Það hefur verið mikill gangur í efnahagslífinu á undanförunum árum. Góðum hagvexti hefur þó fylgt ójafnvægi með hárrí verðbólgu, gengissveiflum, miklum viðskiptahalla, háum vöxtum og auknum skuldum þjóðarbúsins við útlönd.

Framundan er mikil óvissa. Þannig liggur ekki fyrir hvort ráðist verði í frekari stóriðjuframkvæmdir, áhrif kvótakerðingar eiga eftir að koma fram og kjarasamningar eru senn lausir. Að auki er erfitt að gera sér grein fyrir gengisþróuninni næstu misserin.

Þrátt fyrir ójafnvægi og óvissu er ágætlega bjart yfir þjóðhagsspánni sem kynnt er hér í skýrslunni. Spáð er þokkalegum hagvexti, þó að hann dragist eitthvað saman frá því sem hann var þegar hann var mestur. Atvinnuleysi mun heldur aukast, en verða þó mun skaplegra en á árunum fyrir síðustu uppsveiflu. Helsta áhyggjuefnið er að verðbólgan verður óásættanlega mikil mestallt spátímabilið.

Við stöndum núna á vissum tímamótum. Ofpenslan í hagkerfinu er senn að baki og kjarasamningar eru lausir frá næstu áramótum. Það er því fróðlegt að skoða hvernig okkur hefur miðað á liðnum árum. Hverju hefur góðæri liðinna ára skilað okkur í raunverulegum verðmætum? Ekki er um það deilt að undanfarinn áratug hefur kaupmáttur vaxið mikið að meðaltali. En þegar tölurnar bak við meðaltölin eru skoðaðar, kemur í ljós að kaupmáttur margra er að rýrna. Ójafnvægið leikur því marga grátt. Eftir því sem verðbólgan hækkar verða stærri hópar af kaupmáttaraukningunni.

Í tveimur greinum hér í skýrslunni; *Hvað ræður launabreytingum?* og *Launabreytingin 2004 – 2007* sem birtar eru hér í skýrslunni er fjallað um launabreytingar og kaupmátt á árunum 1998 til 2007. Í ljós kemur að þrátt fyrir að kaupmáttur hafi vaxið að meðaltali flest árin, þá dróst kaupmáttur stórra hópa saman þau árin sem þensla var mest. Ofpenslan leiðir með öðrum orðum til ójafnvægis og vaxandi verðbólgu. Við slíkar aðstæður verða launahækkanir margra ekki að neinum raunverulegum verðmætum. Þannig hækkuðu laun t.d. að meðaltali um 10,8% milli áranna 2006 og 2007, þegar verðbólgan var 7,4%. Kaupmáttur launa jókst því að meðaltali um 3,2%, sem verður að teljast harla gott. Vandinn er bara sá að um helmingur launafólks fékk enga kaupmáttaraukningu á þessu tímabili!

Nú þegar við stöndum frammi fyrir því að gera nýja kjarasamninga, blasir því við ójafnvægi milli hópa á vinnumarkaði. Þrátt fyrir að kaupmáttaraukning hafi verið góð að meðaltali, eru hópar sem setið hafa eftir. Þetta eru hópar sem hvorki hafa notið sérstakra hækkana kjarasamninga né mikils launaskriðs. Í skýrslunni er fjallað um lægstu launin í greininni *Lágmarkslaunin*; bæði í sögulegu- og alþjóðlegu samhengi. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist á liðnum árum þá eru lægstu launin óviðunandi. Það er því brýnt mál að bæta hag þeirra lægst launuðu. Það eru því vandasamir kjarasamningar framundan.



## Helstu niðurstöður hagspár

- Hagkerfið er að leita jafnvægis eftir ólgusjó síðustu ára en áfram verður mikið undirliggjandi ójafnvægi. Verðbólga er mikil, vextir háir og viðskiptahallinn mikill og erlendar skuldir íþyngjandi. Á spátímanum dregur úr ójafnvæginu.
- Í stað hagnaxtar sem byggir á miklum fjárfestingum og einkaneyslu, tekur við hagnaxtur sem byggir á útflutningi. Hagnaxtur verður minni en undanfarin ár en samt viðunandi.
- Fjárfestingar dragast verulega saman í ár og 2008 en aukast á ný árið 2009. Það hillir undir lok stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og fjárfestingar og innflutningur tengdur þeim dragast ört saman. Við taka nýjar fjárfestingar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við álver í Helguvík hefjist á næsta ári og fjárfestingar hins opinbera stóraukist á tímabilinu.
- Það hægir á vexti einkaneyslunnar og hún dregst lítillega saman árið 2008, en eykst á ný árið 2009. Minni aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna, þrengra aðgengi að lánsfé, hærri vextir og hækkandi greiðslubyrðir lána munu halda aftur af neyslu heimilanna. Þá mun hægari fólksfjölgun draga úr heildareinkaneyslu.
- Mikil óvissa ríkir um gengi krónunnar á næstu misserum. Mun það ráðast af vaxtamun við útlönd og þróun á erlendum fjármálamörkuðum. Hér er gert ráð fyrir að krónan verði áfram sterk fram á mitt næsta ár þegar vaxtamunur við útlönd minnkar og áhugi erlendra fjárfesta á henni dvínar. Búast má við að gengisvísitalan verði á bilinu 118-123 stig.
- Verðbólga verður áfram mikil út árið. Hún mun aukast á ný á fyrri hluta næsta árs þegar áhrif vegna lækkunar á virðisaukaskatti á matvælum fjara út. Einnig má búast við verðbólguþykningu í kjölfar veikingar krónunnar á seinnihluta ársins 2008. Hún hjaðnar síðan hratt og líkur eru á að verðbólguþykningu náist á miðju ári 2009.
- Blikur eru á lofti á vinnumarkaði og óvissa ríkir um þróun hans. Niðurskurður á aflaheimildum, kólnun á byggingarmarkaði og lok stóriðjuframkvæmda á Austurlandi draga úr spennu í hagkerfinu. Við þær aðstæður dregur úr þenslu á vinnumarkaði og búast má við að það fækki lítillega á vinnumarkaði og atvinnuleysi eykst.

### YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	2006	Áætlun 2007	Spá 2008	Spá 2009
Einkaneysla	4,4	2,1	-0,6	0,7
Samneysla	3,9	2,8	2,7	2,5
Fjármunamyndun	19,8	-16,3	-4,4	4,8
þar af atvinnuvegir	20,0	-26,3	-12,3	5,7
þar af húsnæði	17,8	8,7	0,0	-5,0
þar af hið opinbera	22,3	2,4	26,8	15,4
Þjóðarútgjöld	9,2	-3,6	-0,8	2,1
Útflutningur	-5,1	8,8	6,5	5,3
Innflutningur	10,1	-7,5	-2,9	4,2
<b>Verg landsframleiðsla</b>	<b>4,2</b>	<b>2,0</b>	<b>2,3</b>	<b>2,3</b>
Verðbólga <sup>1</sup>	6,9	4,9	4,7	2,6
Atvinnuleysi <sup>2</sup>	1,5	1,1	1,5	2,0
Stýrivextir <sup>3</sup>	11,7	13,3	12,1	8,6

<sup>1</sup> Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvisitala


<sup>2</sup> Hlutfall af áætluðum mannafla

<sup>3</sup> Stýrivextir, meðaltal ársins, ný framsetning.

## Hagspá fyrir árin 2008 og 2009

Við erum að koma út úr miklum ólgusjó. Það þýðir samt alls ekki að stöðugleiki sé að komast á þjóðarskútuna. Enn er mikið undirliggjandi ójafnvægi og framundan er talsverð óvissa. Ef við lítum á ójafnvægið þá blasir við að verðbólga er yfir efri vikmörkum verðbólguþröngs Seðlabankans, vextir eru háir og viðskiptahalli og erlendar skuldir íþyngjandi. Hvað óvissuna varðar má t.d. benda á að ekki er fyllilega ljóst hvort ráðist verði í frekari stóriðjuframkvæmdir, áhrif kvótaskerðingar í þorski eiga eftir að koma fram og kjarasamningar á almennum markaði eru lausir frá og með næstu áramótum. Síðast en ekki síst er mjög erfitt að gera sér grein fyrir gengisþróun krónunnar á næstu misserum, en hún mun m.a. ráðast af tímasetningu væntanlegrar stýrivaxtalækkunar Seðlabankans svo og gangi mála á erlendum fjármálamörkuðum.

Sú hagspá sem við setjum hér fram er tiltölulega bjartsýn. Þrátt fyrir ójafnvægi og óvissu teljum við að hagvöxtur muni verða þokkalegur. Hann mun dragast eitthvað saman en við erum ekki að tala um samdrátt og því síður kreppu. Atvinnuleysi mun aukast, en ekkert í líkingu við það sem við kynntumst t.d. á fyrri hluta síðasta áratugar. Það er helst hættu á að verðbólga verði óásættanlega há. Þær forsendur sem spáin er byggð á eru m.a. þær að hafist verði handa við byggingu álvers í Helguvík á fyrri hluta næsta árs. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir stækkun álvers Alcan, né byggingu álvers við Húsavík innan spátímabilsins. Gengið er út frá því að aðhaldssamri peningamálastjórnun verði fylgt út þetta ár og fram á mitt næsta ár, en þá fari verðbólga að hjaðna og stýrivextir að lækka.



Krónan verður sterk áfram en leitar jafnvægis undir lok spátímans.

Við áætluðum að í ár muni hagvöxtur verða 2,0%; jafnframt spáum við því að árið 2008 muni hann verða 2,3% og 2009 einnig 2,3%. Gangi þetta eftir ætti verðbólguþröng Seðlabankans að nást um mitt ár 2009 og

stýrivextir verða tæp 7% í lok spátímabilsins. Atvinnuástand verður áfram gott á þessu ári en þó má gera ráð fyrir að atvinnuleysi aukist lítillega á næstu tveimur árum.

## Einkaneysla

Hagvexti undanfarinna ára hefur að miklu leyti verið haldið uppi af mikilli einkaneyslu. Vöxtur einkaneyslunnar náði hámarki árið 2005 en í fyrria dró verulega úr honum og ætla má að enn dragi úr vextinum í ár og á næsta ári. Þeir þættir sem einkum hafa ýtt undir einkaneyslu síðustu ár eru hátt atvinnustig, kaupmáttaraukning, hækkandi eignaverð, gott aðgengi að lánsfé og fólksfjölgun. Stór hluti einkaneyslu heimilanna hefur verið fjármagnaður með lánum, bæði verðtryggðum innlendum lánum með föstum vöxtum og eins lánum í erlendum myntum með breytilegum vöxtum. Mikil hækkun á fasteignaverði síðustu ár hefur aukið verðgildi eigna heimilanna og aukið möguleika til veðsetningar. Þetta hefur ýtt undir enn frekari lántökum heimilanna. Á seinni hluta þessa árs hafa vextir, bæði hér innanlands og erlendis, farið hækkandi. Mun það ásamt því að bankarnir hafa hert útlánareglur sínar, draga úr lántökum heimilanna. Miklar lántökur heimilanna á undanföllum árum munu leiða til þess að stærri hluti tekna

Stöðugleika ekki náð

Áfram ójafnvægi og óvissa

...en horfur nokkuð bjartar

Þokkalegur hagvöxtur

Verðbólga áfram vandamál

Dregur úr einkaneyslu

Kólnar á íbúðamarkaði






Hægir á vexti kaupmáttar ráðstöfunartekna

fer til greiðslna af afborgunum og vöxtum en minnkandi hluti er eftir til neyslu. Hækkandi vextir að undanfögnu munu auka enn á greiðslubyrði heimilanna. Horfur eru á að krónan veikist á næsta ári og verðbólga aukist tímabundið í kjölfarið. Hækkandi verðlag og vaxandi greiðslubyrði heimilanna munu draga úr einkaneyslu.

Líklegt er að það hægi á vinnumarkaðnum og framundan sé meira atvinnuleysi og eitthvað minni kaupmáttaraukning en undanfarin ár. Mikill vöxtur einkaneyslu síðustu ár




skýrist að nokkru leyti af mikilli fólksfjölgun, sem hefur orðið vegna aðflutnings erlenda launafólks. Við gerum ráð fyrir að hluti af því erlenda launafólki sem hefur komið til landsins síðustu þrjú ár, hverfi burt til síns heima, en hluti verði áfram á íslenskum vinnumarkaði. Það mun leiða til minni heildareinkaneyslu á næstu árum.

Við áætlum að í ár muni einkaneyslan vaxa um 2,1%. Jafnframt spáum við því að árið 2008 muni hún dragast saman um 0,6% en aukast um 0,7% árið 2009.

## Samneysla

Samneysla hins opinbera jókst um 3,9% í fyrra, sem er nokkuð meiri vöxtur en áður var áætlað. Skýrist þetta einkum af auknum útgjöldum sveitarfélaga til fræðslu-, menningar og æskulýðsmála. Samneysluútgjöld ríkisins jukust einnig umfram áætlun. Í fyrra jukust þau um 2,8%. Undanfarin ár hefur það verið eitt af markmiðum fjárlaga að halda raunvöxtum samneyslu í 2%. Illa hefur gengið að ná því markmiði og hefur raunvöxtur



raunvöxtur samneyslu ríkisins verið á bilinu 2,1-2,8%. Það sem af er þessu ári hafa samneysluútgjöld ríkisins verið 2,4%. Vegna loforða sem gefin voru í aðdraganda Alþingiskosninga í vor má búast við aukningu á útgjöldum ríkisins. Mótvægisáðgerðir ríkisins vegna kvótaskerðingar munu einnig auka á samneysluútgjöldin. Þrátt fyrir nokkra aukningu í útgjöldum hins opinbera er afkoman góð og hefur hið opinbera skilað tekjuafgangi, allt frá árinu 2003. Meginskýringin er mikill vöxtur skatttekna umfram gjöld. Gert er ráð fyrir því að afkoman versni lítillega með minni hagvexti, m.a. vegna hægari aukningar tekna af tekju- og veltusköttum.


Við áætlum að í ár muni samneyslan vaxa um 2,8%; jafnframt spáum við því að árið 2008 muni hún vaxa um 2,7% en árið 2009 aukast um 2,5%.

Samneysla svipuð



## Fjárfestingar

Fjárfestingar, eins og einkaneysla, hafa verið einn aðaldrifkrafturinn í hagvextinum síðustu ár. Vöxtur fjárfestinga náði hámarki árið 2005; í fyrra dró verulega úr honum og á fyrri helmingi þessa árs drógust fjárfestingar saman um ríflega 18%.



Í ár dregur hratt úr umfangi stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og má búast við að þeim ljúki árið 2009. Í spánni er gert ráð fyrir því að byrjað verði að reisa 150 þúsund tonna álver

við Helguvík og að þær framkvæmdir hefjist um mitt næsta ár. Meginþungi framkvæmdanna verði á árunum 2008 og 2009. Gert er ráð fyrir að álverið taki til starfa árið 2010. Fjöldi annarra verkefna sem falla undir atvinnuvegafjárfestingar eru í deiglunni og má þar nefna tónlistarhús, nýjar höfuðstöðvar fyrir viðskiptabankana, nýbyggingar Háskólans í Reykjavík í Öskjuhlíð svo og verslunar- og skrifstofuhúsnæði víða á höfuðborgarsvæðinu. Á móti er líklegt að samdráttur verði í fjárfestingu í sjávarútvegi á næstu árum. Líklegt er að á þessu ári verði um 26% samdráttur í fjárfestingum atvinnuveganna; á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir að þær dragist saman um 12%, enda verði þá hafin bygging álvers í Helguvík; árið 2009 er gert ráð fyrir að fjárfestingarnar aukist um 5,7% .

Mikil velta hefur verið á fasteignamarkaði. Vísbendingar eru þó um að heldur sé að hægja á markaðnum. Þannig hefur meðaltal yfir fjölda samninga lækkað að undanfögnu. Líklega mun nokkuð draga úr verðhækkunum, en ekki er gert ráð fyrir verðlækkunum á spátímanum. Framboð á nýju húsnæði er enn mjög mikið, en aðgangur að lánsfé til að fjármagna íbúðarkaup hefur hins vegar þröngst. Við þessar aðstæður er líklegt að framboð verði meira en eftirspurn, sem aftur mun leiða til minni umsvifa á byggingamarkaði á næstu árum. Auk þess má gera ráð fyrir því að þegar hægir á í efnahagslífinu muni draga úr fólksfjölgun, sem dregur enn frekar úr eftirspurn á húsnæði. Líklegt er að í ár vaxi fjárfestingar í íbúðhúsnæði um 8,7%; aftur á móti er gert ráð fyrir að á næsta ári vaxi þær lítið sem ekkert og að árið 2009 dragist þær saman um 5,0%.

Til fjárfestinga hins opinbera teljast fyrst og fremst þær fjárfestingar sem eru notaðar við samneyslu, svo sem vegir og brýr og önnur mannvirki. Þessar fjárfestingar jukust um ríflega 22% á síðasta ári sem er mikil breyting frá því sem áður var áætlað. Skýrist það að stærstum hluta af auknum fjárfestingum sveitarfélaganna. Samkvæmt samgönguáætlun á að verja 18 milljörðum á þessu ári til samgöngumála, 32 milljörðum árið 2008, 28 milljörðum árið 2009 og 26 milljörðum árið 2010. Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna kvótaskerðingar gera ráð fyrir að framkvæmdum samgönguáætlunar fyrir um 4 milljarða verði flýtt og falla þær þá aðallega til á árunum 2008-2009. Það sem af er þessu ári hafa fjárfestingar hins opinbera dregist saman um tæp 4%. Þrátt fyrir það, er gert ráð fyrir að þær aukist um 2,4% á árinu í heild. Á næsta ári er gert ráð fyrir að fjárfestingar hins opinbera aukist verulega, eða um tæp 27%. Meginskyringin er aukning í fyrrnefndum fjárfestingum ríkisins. Árið 2009 er því spáð að fjárfestingar hins opinbera aukist um ríflega 15% og þá aðallega vegna mikilla aukningar í fjárfestingum sveitarfélaga.

Fjárfestingar dragast saman...

...bæði í stóriðju...

...og íbúðum

Opinberar fjárfestingar aukast



Áætlað er að heildarfjárfestingar dragist saman um ríflega 16% á þessu ári. Við spáum því að þær dragist saman um 4,4% á næsta ári og vaxi um 4,8% árið 2009.

## Þjóðarútgjöld

Dregur úr eftirspurn

Þjóðarútgjöld eru helsti mælikvarði á innlenda eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Á síðustu árum hafa þjóðarútgjöld vaxið ört og náði vöxturinn hámarki árið 2005. Heldur hefur hægt á honum síðan þá – fyrst og fremst vegna minni vaxtar einkaneyslu og fjárfestinga. Í ár er gert ráð fyrir viðsnúningi vegna minnkandi eftirspurnar innanlands, þ.e. samdráttar í fjárfestingum og hægari vexti einkaneyslu. Við áætluðum að í ár muni þjóðarútgjöld dragast saman um 3,6%; jafnframt spáum við því að þau dragist saman um 0,8% árið 2008 en aukist á ný árið 2009 um 2,1%.

### Þjóðarútgjöld

Þjóðarútgjöldin er einn helsti mælikvarði á innlenda eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Þau samanstanda af **einkaneyslu**, **samneyslu**, **birgðabreytingum** og **fjárfestingum**. Til þeirra teljast aðeins endanleg ráðstöfun vöru eða þjónustu innanlands. Þannig eru öll fjármagnsviðskipti og aðföng fyrirtækja undanskilin í þjóðarútgjöldum.

Samband þjóðarútgjalda og landsframleiðslu má lýsa þannig að:

$$\text{Verg landsframleiðsla} = \text{þjóðarútgjöld} + \text{útflutningur} - \text{innflutningur}$$

eða

$$\text{þjóðarútgjöld} = \text{verg landsframleiðsla} - \text{viðskiptajöfnuður}$$

Mikil aukning þjóðarútgjalda segir til um mikla aukningu innlendar eftirspurnar eftir vörum og þjónustu. Þegar þjóðarútgjöldin aukast meira en verg landsframleiðsla þá leiðir það til aukins innflutnings og þar með til viðskiptahalla.


## Innflutningur

Innflutningur dregst saman ...

Mikill vöxtur innflutnings undanfarin ár endurspeglar þróun einkaneyslunnar, fjárfestinganna og þjóðarútgjaldanna. Hámarki náði vöxturinn árið 2005 en verulega hefur hægt á honum síðan þá.

Nú dregur hratt úr stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi, en þær voru ein megin-skýringin á miklum innflutningi síðustu ár. Á móti kemur, að gera má ráð fyrir því að hafist verði handa við byggingu álvers í Helguvík á næsta ári og auknum innflutningi tengdum þeim framkvæmdum á næstu tveimur árum. Vísendingar eru um að heldur sé að draga úr innflutningi á neysluvörum, en sá þáttur innflutningsins fylgir vel þróun krónunnar.

... en hann eykst á ný



Við áætluðum að í ár muni innflutningur dragast saman um 7,5%. Jafnframt spáum við því að árið 2008 dragist hann saman um 2,9% en að árið 2009 aukist hann um 4,2%.





## Útflutningur

Útflutningur dróst saman um ríflega 5% í fyrra. Skýrist það að mestu leyti af miklum samdrætti í þjónustuútflutningi, en hann dróst saman um rúmlega 10%. Vöruútflutningur dróst einnig saman, aðallega vegna minnkandi útflutnings sjávarafurða.

Sjávarafurðir vögu um 51% af vöruútflutningi á síðasta ári og ál tæp 24%. Hlutur sjávarafurða hefur heldur verið að minnka, en hlutur áls að sama skapi að aukast.

Gera má ráð fyrir nokkrum samdrætti í útflutningi


sjávarafurða á næstu árum, vegna 30% niðurskurðar á aflaheimildum á þorski. Á síðasta ári hækkaði verð á sjávarafurðum um 8,5% í erlendri mynt, en um 20% í íslenskum krónum. Skýrist þessi mismunur af veikingu krónunnar í fyrravor.

Útlit er fyrir að verð sjávarafurða erlendis haldist áfram hátt. Meiri óvissa er hins vegar um gengi krónunnar. Á næsta ári mun útflutningur halda áfram að aukast, m.a. vegna aukins álútflutnings þegar verksmiðja Fjarðaráls hefur náð fullum afköstum. Verð á áli hefur lækkað frá því í fyrra og er útlit fyrir að það haldi áfram að lækka. Samt sem áður mun það áfram haldast hátt í sögulegu samhengi. Fyrir utan álið hefur einnig verið mikil aukning í útflutningi á hugbúnaði og þjónustu í tengslum við samgöngur. Þá hafa tekjur vegna erlendra ferðamanna einnig aukist verulega.

Við áætlum að í ár muni útflutningur aukast um 8,8%; jafnframt spáum við því að árið 2008 aukist hann um 6,5% og árið 2009 um 5,3%.

## Viðskiptajöfnuður

Mikið ójafnvægi hefur ríkt í utanríkisviðskiptum undanfarin ár. Viðskiptahallinn náði sögulegu hámarki í fyrra en þá mældist hann 25,6% af landsframleiðslu. Stóran hluta hallans má rekja til stóriðjuframkvæmda, eða um fjórðung – en ríflega þriðjungur var vegna innflutnings á neysluvörum og annar þriðjungur



vegna vaxtagreiðslna. Aukinn útflutningur áls og minni innflutningur vegna stóriðjuframkvæmda mun draga úr viðskiptahallanum á næstu árum. Útrás íslenskra fyrirtækja hefur aukið vægi svokallaðra „þáttatekna“. Tekjur sem Íslendingar afla erlendis koma til hækkunar þáttatekna,

en tekjur sem útlendingar afla hér á landi koma til frádráttar. Yfirleitt er um að ræða tekjur í formi launa, ávöxtunar hlutafjár og vaxta.

Útflutningur eykst verulega ...

... vegna aukins álútflutnings

Viðskiptahalli áfram mikill ...

... en minnkar hratt



Erlendar skuldir miklar

Erlendar skuldir þjóðarinnar námu 6.700 milljörðum króna í lok síðasta árs og eignir erlendis 5.228 milljörðum. Skuldir umfram eignir námu því 1.472 milljörðum eða 123% af landsframleiðslu. Þar sem vextir hafa farið hækkandi erlendis, má búast við að vaxtagjöld okkar af þessum skuldum aukist. Á sama tíma munu vaxtatekjur erlendis aukast í takt við vaxtahækkunina. Vaxtatekjurnar ásamt mögulegri ávöxtun hlutfjár í eigu Íslendinga munu veða á móti auknum vaxtagjöldum. Óróinn á alþjóðamörkuðum í sumar og vaxandi áhættufælni í kjölfarið kann að draga tímabundið úr ávöxtun hlutfjár næstu tvö árin.

Við búumst við að áfram verði ójafnvægi í utanríkisviðskiptum en það dragi úr því þegar líður á spátímann. Við áætluðum að í ár muni draga talsvert úr viðskiptahallanum og að hann verði 14% af landsframleiðslu; jafnframt spáum við því að árið 2008 verði hann 9,1% og 7,3% árið 2009.

## Vinumarkaður, laun og kaupmáttur

Ástandið á vinnumarkaði er gott um þessar mundir. Atvinnuþátttaka er með mesta móti og skráð atvinnuleysi mjög lítið. Nokkur óvissa ríkir þó um komandi tíma enda kjarasamningar á almennum markaði lausir um áramót. Þá eru ýmis merki á lofti um að framundan sé minnkandi umsvifum í atvinnulífnum og heldur meira atvinnuleysi.

Atvinnuleysi lítið  
... en mun aukast


### Mat á atvinnuleysi

Í hefðbundinni atvinnuskiptingu þjóðarinnar er hópnun „mannfjölda á aldrinum 16-74“ ára skipt upp í hópana „vinnuafli“ og „utan vinnuafli“. Vinnuafli er svo aftur skipt í hópana „starfandi“ (þ.e. þá sem eru í vinnu) og „atvinnulausa“ (þ.e. þá sem vilja og geta unnið en hafa ekki enn fengið vinnu). Hlutfall vinnuafli af mannfjölda á aldrinum 16-74 ára er kallað „atvinnuþátttaka“ en hlutfall atvinnulausra af vinnuafli er kallað „atvinnuleysi“.

Vinnumálastofnun og Hagstofa Íslands safna upplýsingum um atvinnuástandið. Tölur Vinnumálastofnunar um fjölda atvinnulausra miðast við þá sem skráð hafa sig hjá stofnuninni og sótt um atvinnuleysisbætur; tölur Hagstofunnar miðast við könnun þar sem fólk er talið atvinnulaust ef það segist vilja og geta unnið en hefur ekki enn fengið vinnu.

Þar sem aðferðafræði stofnananna tveggja við mat á atvinnuleysi er ekki sú sama er ekki við því að búast að tölum frá þeim beri fullkomlega saman. Þó má ætla að hærri atvinnuleysistölu Hagstofunnar en Vinnumálastofnunar sé vísbending um að talsverður hluti atvinnulausra hafi annað hvort ekki rétt til atvinnuleysisbóta eða kjósi að skrá sig ekki á atvinnuleysissskrá.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands var fjöldi á vinnumarkaði 185.000 manns á öðrum ársfjórðungi 2007 og fjölgaði um 6.300 milli ára. Þetta jafngildir því að atvinnuþátttaka hafi verið 85%. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar var skráð atvinnuleysi komið niður í 0,8% í september sl. og hefur ekki mælst minna síðan í október árið 1988. Fyrstu átta mánuði ársins voru 3.874 starfsmenn frá nýjum ESB-ríkjum skráðir



hjá Vinnumálastofnun. Þá voru veitt 365 ný atvinnuleyfi til starfsmanna utan ESB-ríkjanna. Samkvæmt þessu komu því til landsins samtals 4.239 starfsmenn utan gömlu ESB-landanna, samanborið við 3.597 á sama tíma í fyrra. Óvissa ríkir um það hvað erlendir starfsmenn gera þegar hægir á hagkerfinu. Efnahagsástand er víða gott í Evrópu og til dæmis er mikil eftirspurn eftir vinnuafli í Austur-Evrópu og



Eystrasaltsríkjunum. Það má því búast við að hluti launafólks sem kemur frá þeim löndum, hverfi þangað aftur þegar þrengir að á vinnumarkaði hér á landi. Hér er því gert ráð fyrir að stór hluti hverfi heim á ný, sérstaklega þeir sem eru búsettir utan EES-svæðisins, en hinn hluti hópsins verði áfram á íslenskum vinnumarkaði.


Kjarasamningar stærstu stéttarfélaganna á almennum markaði eru lausir nú um áramót og kjarasamningar margra félaga hjá hinu opinbera eru lausir á vormánuðum. Óvissa ríkir því um launapróun á næstu árum. Laun hækkuðu um 9,5% í fyrra samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, á sama tíma var verðbólga 6,8%. Kaupmáttur launa jókst því um 2,6%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið mikið síðustu ár. Á síðasta ári er áætlað að hann hafi aukist um 8,5%, en til samanburðar jókst hann um 6,6% árið á undan. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist jafn mikið á næstunni. Kemur þar m.a. til fækkun framkvæmda við mannvirkjagerð, niðurskurður aflaheimilda ásamt minni umsvifum í hagkerfinu almennt.

Við áætlum að í ár muni skráð atvinnuleysi verða 1,1%; jafnframt spáum við því að árið 2008 verði það 1,5% og árið 2009 2%.

## Verðlag, vextir og gengi

Þrátt fyrir að peningalegt aðhald sé strangt, þá hefur gengið illa að sporna við verðbólgu. Hæst fór verðbólgan í 8,6% í ágúst í fyrra, en hefur heldur hjaðnað síðan, sérstaklega í kjölfar lækkunar virðisaukaskatts á matvælum í byrjun mars á

Illu hefur gengið að ráða við verðbólgu



þessu ári. Þegar horft er framhjá þeim breytingunum kemur í ljós að undirliggjandi verðbólga er enn mikil, eða um 6%. Eins og undanfarin ár þá er það einkum húsnæðisverð sem kyndir undir verðbólgunni. Það verður hins vegar að líta til þess að mikið framboð er nú á nýju húsnæði og

vextir á íbúðalánum hafa hækkað. Því mun líklega draga úr verðhækkunum húsnæðis á næstunni sem aftur mun hafa áhrif á verðbólgu til lækkunar. Til skamms tíma má þó búast við því að verðbólga verði allmikil, en að upp úr miðju næsta ári fari heldur að draga úr henni. Verðbólguþröng Seðlabankans næst þó ekki fyrr en um mitt ár 2009. Við áætlum að í ár muni verðbólgan verða 4,9%; jafnframt spáum við því að árið 2008 verði hún 4,7% og árið 2009 2,6%.

Stýrivextir Seðlabankans eru nú 13,3% og hafa verið óbreyttir frá því í desember á síðasta ári. Frá því bankinn byrjaði að hækka stýrivexti í maí 2004 hefur hann hækkað þá um 8,1 prósentustig. Ólíklegt er að hann hækki þá meira í þessari lotu. Bankinn hefur hins vegar gefið það út að hann muni ekki byrja að lækka vextina fyrr en í fyrsta lagi á fyrrihluta næsta árs. Gera má ráð fyrir að þeir verði óbreyttir um sinn, en byrji síðan að lækka síðari hluta næsta árs, þegar verðbólga fer að hjaðna. Við áætlum að í ár muni stýrivextir verða 13,3%; jafnframt spáum við því að árið 2008 verði þeir 12,1% og árið 2009 8,6%.

Stýrivextir háir

Gengi krónunnar ræðst í vaxandi mæli af þróun efnahagslífs í öðrum hávaxtaríkjum svo sem Nýja-Sjálandi, Ástralíu og Tyrklandi. Mikill vaxtamunur við útlönd laðar að erlenda fjárfesta og hafa þeir gefið út skuldabréf í íslenskum krónum, svokölluð jöklabréf. Í september nam útgáfa þessara bréfa um 40% af landsframleiðslu. Á næsta ári eru stórir gjalddagar í febrúar og í október. Hvað erlendur fjárfestar ákveða að gera er óljóst en gengi krónunnar mun að miklu leyti



ráðast af ákvörðunum þeirra. Af þessum sökum er erfitt að gera sér grein fyrir þróun gengis krónunnar á næstu misserum, en hún mun m.a. ráðast af tímasetningu stýrivaxtalækkunar Seðlabankans, svo og gangi mála á erlendum fjármálamörkuðum. Þegar Seðlabankinn byrjar að lækka stýrivexti og vaxtamunur við útlönd fer að minnka má búast við snarpri gengislækkun þar sem ávöxtun erlenda fjármagnsins minnkar. Í júlí á þessu ári varð mikill órói á erlendum fjármálamörkuðum sem leiddi til þess að fjárfestar drógu sig út úr áhættusömum fjárfestingum, m.a. viðskipum með íslenskar krónur. Þetta hafði þau áhrif að krónan féll í júlí en hefur reyndar tekið við sér á ný. Mikil óvissa ríkir um hver framvindan verður á erlendum fjármálamörkuðum á næstu misserum.



## Launahlutfallið

Hvernig er þeim verðmætum sem verða til í landinu skipt á milli okkar? Einn mælikvarði á það er hið svokallaða „launahlutfall“. Í einföldu máli segir það til um það hve stór hluti „kökunnar“ sem til skiptanna er rennur til launafólks og hve stór hluti rennur til fyrirtækjanna. Þetta hlutfall hefur hækkað nokkuð síðustu ár. Hér verður í stuttu máli reynt að túlka hvað er á bak við þessa þróun.


Hátt eða lágt launahlutfall?

### Hvað er átt við með launahlutfalli?

Launahlutfallið segir til um það hve stór hluti af þeim verðmætum sem verða til í atvinnulífinu fer til að mæta launakostnaði og hve stórum hluta fyrirtækin halda eftir sem rekstrarafgangi til að mæta afskriftum og fjármagnsliðum. Í umfjölluninni í þessari grein er launahlutfallið reiknað sem hlutfall launa og launatengdra gjalda af svokölluðum „vergum þáttatekjum“, þ.e. heildarverðmætunum sem fyrirtækin og stofnanirnar framleiða.

## Þróunin á Íslandi

Síðustu þrjú áratugi hefur launahlutfallið á Íslandi verið að meðaltali um 60%, þ.e. að jafnaði hafa um 60% af framleiðsluverðmætum runnið til launafólks og 40% til fyrirtækja. Fyrstu tvo áratugin var hlutfallið undir meðaltali en hefur verið yfir því síðan 1998. Árið 2006 var það komið í 71%.



Heimild: Hagstofa Íslands






Mikill munur á launahlutfalli milli atvinnugreina

## Mismunur milli greina


Á Íslandi eins og í flestum öðrum löndum er launahlutfallið hátt í atvinnugreinum sem grundvallast fremur á vinnuafli en fjárfestingum, eins og t.d. í hótél- og veitingaþjónustu, iðnaði og verslun svo og í opinbera geiranum. Það er hins vegar lágt í greinum sem grundvallast fremur á fjármagni en aðkeyptu vinnuafli eins og t.d. í landbúnaði, framleiðslu málma svo og í fjármálaþjónustu.



## Mismunur milli landa

... og einnig milli landa

Það er nokkrum vandkvæðum háð að afla samanburðarhæfra upplýsinga um mismun á launahlutfalli milli landa. Sú nálgun er farin hér að bera saman hlutfall launakostnaðar af landsframleiðslu. Eins og sjá má virðist mismunandi launahlutfall milli atvinnugreina endurspeglast með vissum hætti í mismunandi hlutfalli milli landa. Það er gjarnan hátt í löndum þar sem þekkingarhagkerfið er þróað eins og t.d. á flestum Norðurlandanna. Það er hins vegar lægra í löndum þar sem atvinnulífið byggir á hefðbundnari atvinnugreinum eins og t.d. víða í Suður- og Austur Evrópu. Noregur raðast frekar neðarlega og kann það að skýrast af mikilvægi olíu- og annarrar hráefnisvinnslu þar í landi.





## Af hverju hátt hlutfall?

Í sögulegu og alþjóðlegu samhengi er launahlutfallið tiltölulega hátt hér á landi. Nauðsynlegt er samt að taka tillit til þess að þetta hlutfall endurspeglar bæði skammtíma aðstæður í atvinnulífinu hverju sinni svo og þróun hagkerfisins til lengri tíma.

### **Skammtíma aðstæður**

Á tímabili þenslu 1997-2000 hækkaði launahlutfallið úr 59% í 66%. Ástæðurnar má m.a. rekja til lækkandi rekstrarafgangs fyrirtækja á tímabilinu (m.a. vegna hás gengis krónunnar) annars vegar; og launahækkana og mikillar fjölgunar á vinnumarkaði hins vegar.

Árið 2001 datt launahlutfallið örlítið niður, aðallega af því að rekstrarafgangur fyrirtækja jókst verulega. Ástæðurnar virðist fyrst og fremst mega rekja til hækkandi rekstrarafgangs fyrirtækja (m.a. vegna gengisfalls krónunnar).

Eftir 2001 jókst svo launahlutfallið aftur jafnt og þétt. Framan af aðallega vegna þess að rekstrarafgangur var heldur að minnka, en síðar vegna launahækkana og fjölgunar á vinnumarkaði.

### **Langtímaþróun**

Þróun hagkerfis frá einu tæknistigi til annars getur haft talsverð áhrif á launahlutfallið.

Við sáum í umfjölluninni hér að framan að launahlutfallið er lágt í mörgum löndum þar sem atvinnulífið byggir á hefðbundnum greinum eins og t.d. landbúnaði, vinnslu hráefnis úr jörðu og framleiðslu málma. Þetta má skýra út frá því að sumar af hinum hefðbundnu greinum grundvallast á miklum fjárfestingum í mannvirkjum, tækjum og tólum en ekki svo mjög á aðkeyptu vinnuafli. Þar sem slík atvinnustarfsemi er ráðandi, verður sá hluti framleiðsluverðmæta sem fer til að mæta launakostnaði eðlilega lítill og að sama skapi sá hluti sem fyrirtækin halda eftir til að mæta fjármagnsliðum hár.

Við sáum einnig að launahlutfallið er hátt í löndum þar sem ætla má að þekkingarhagkerfið sé nokkuð þróað. Þetta má skýra út frá því að þekkingariðnaður grundvallast gjarnan á aðgangi að hæfileikaríku og vel menntuðu launafólki fremur en fjárfestingum í dýrum fasteignum og búnaði. Þar sem slík atvinnustarfsemi er ráðandi, verður sá hluti framleiðsluverðmæta sem fer til að mæta launakostnaði eðlilega mikill og sá hluti sem fyrirtækin þurfa að halda eftir lítill.

Þegar lítið er yfir tímabilið 1976-2006 hér á Íslandi þá er ljóst að veruleg breyting hefur átt sér stað í atvinnuuppbyggingunni. Þannig hefur t.d. hlutfall þeirra sem starfa í frumvinnslu lækkað, en hlutfall þeirra sem starfa í verslun og þjónustu aukist. Það er því ekki óeðlilegt að álykta að eðlilegar framfarir í íslensku atvinnulífi hafi átt drjúgan þátt í að hækka launahlutfallið.

Mishátt launahlutfall endurspeglar ...

... aðstæður í atvinnulífinu hverju sinni ...

... svo og þróun hagkerfisins til lengri tíma



Launapróun í ljósi  
langs hagvaxtarskeiðs

## Lágmarkslaunin


Nú þegar við höfum farið í gegnum langt hagvaxtarskeið er áhugavert að skoða hvernig laun þeirra tekjulægstu hafa þróast. Einn mælikvarði á það er hækkun lágmarkslauna kjarasamninga. Síðastliðin tíu ár hafa þau hækkað verulega. Hér verður í stuttu máli reynt að túlka hvað er á bak við þessa þróun.

### Hvað eru lágmarkslaun?

Lágmarkslaun eru lögvarin með einum eða öðrum hætti í mörgum löndum. Á Íslandi er kveðið á um í lögum að óheimilt sé að greiða lægri laun en samið er um í kjarasamningum. Í umfjölluninni í þessari grein eru lágmarkslaun fyrir Ísland sett fram sem mánaðarlaun fyrir fulla vinnu að meðtöldum eingreiðslum eins og desember- og orlofsuppbótum.

### Þróunin á Íslandi


Ef undan er skilinn örflítt slaki í hagkerfinu rétt upp úr aldamótunum þá má líta á síðastliðin rúm tíu ár sem tímabil mikils hagvaxtar. Þetta hefur m.a. skilað sér í verulegum hækkunum lágmarkslauna. Þannig hafa þau hækkað úr u.þ.b. 55.000 kr. á mánuði árið 1996 í yfir 130.000 kr. í dag eða um 138%. Á sama tímabili hefur verðlag hækkað um 54%. Þetta þýðir að kaupmáttur lægstu launa hefur hækkað um 84% sem svarar til um 5,7% kaupmáttaraukningar að meðaltali á ári.



## Lágmark og meðaltal

Þegar lágmarkslaunin eru skoðuð í samhengi við almenna launapróun kemur í ljós að þau hafa ekki gert mikið meira en að halda í við meðallaun í landinu. Í kjarasamningunum árið 1997 var samið um 70.000 kr. á mánuði sem lágmarkslaun fyrir fullt starf frá og með ársbyrjun 1998. Við þetta hækkaði hlutfall lægstu launa af meðallaunum upp í um 54%. Lágmarkslaunin stóðu síðan nánast í stað í rúmt ár á meðan meðallaun hækkuðu talsvert þannig að hlutfallið datt niður aftur. Frá því í kjarasamningunum árið 2000 hafa lægstu launin verið hækkuð með reglubundnum hætti, m.a. í tengslum við endurskoðun kjarasamninga. Síðan þá hefur hlutfall þeirra af meðallaunum verið nokkuð stöðugt í kringum 50%.

Lágmarkslaun rétt náð að halda í við meðallaunin




## Mismunur milli landa

### Lágmarkslaun í evrum

Mismunandi lágmarkslaun milli landa endurspeglar mismunandi almenn lífsskjör í þeim. Lágmarkslaunin eru há í löndum Norður- og Vestur Evrópu eins og á Norðurlöndunum, í Hollandi, Belgíu, Lúxemborg og Bretlandi en mun lægri í löndum Suður- og Austur Evrópu eins og í Portúgal, Póllandi og Eystrasaltslöndunum. Launamunurinn milli Íslands og Póllands er t.d. næstum sexfaldur. Vissulega er verðlag mun hærra á Íslandi en í Póllandi – en jafnvel þó tillit sé tekið til þess þá er launamunurinn ríflega þrefaldur.

Munur milli landa mikill í krónum og aurum ...



### Lágmarkslaun sem hlutfall af meðallaunum

Vegna hins mikla munar sem er á almennum lífsskjörum í löndunum Evrópu getur verið gagnlegt að bera saman á milli þeirra hlutfall lágmarkslauna af meðallaunum.<sup>1</sup> Slíkur samanburður leiðir betur í ljós raunverulegt gildi lágmarkslaunanna innan hvers lands. Skoðað í þessu ljósi verður munurinn á milli Norður- og Vestur Evrópu annars vegar og Suður- og Austur Evrópu hins vegar ekki eins áberandi. Hlutfallið liggur á bilinu 30-50% í flestum löndunum. Það er hæst á Írlandi, í Lúxemborg, á Möltu og í Búlgaríu. Það er lægst í Rúmeníu, Eistlandi, Lettlandi og Póllandi. Nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir um hve hátt hlutfallið er í þeim löndum þar sem lágmarkslaun eru ekki ákvörðuð með beinni lagasetningu, þar á meðal á hinum Norðurlöndunum – en ætla má að þar liggja það að meðaltali nálægt 50% eins og á Íslandi.<sup>2</sup>

### Lágmarkslaun, til hvers?

Aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu hafa löngum tekist á um lágmarkslaunin og hversu há þau eigi að vera.

Stéttarfélagin benda gjarnan á nauðsyn þess að ákvarða mannsæmandi lágmarkslaun, m.a. til að draga úr fátækt og ójöfnuði og koma í veg fyrir misnotkun á launafólki sem stendur höllum fæti á vinnumarkaði. Skoðanir atvinnurekenda eru reyndar ekki einsleitar hvað þetta varðar. Þeir sem aðhyllast frjálshyggju hafa samt haldið því fram að ákvörðun lágmarkslauna leiði til þess að ákveðinn hópur launafólks sé verðlagður út af vinnumarkaði. Rannsóknir benda til að áhyggjur frjálshyggjumanna eigi ekki við rök að styðjast.<sup>3</sup> Hugsanleg neikvæð áhrif séu veginn upp af öðrum þáttum eins og sköpun nýrra starfa, m.a. vegna aukinnar veltu sem fylgir tiltölulega háum lágmarkslaunum.

Þrátt fyrir að ekki séu allir á eitt sáttir um ágæti lágmarkslauna eru þau lögvarin með einum eða öðrum hætti í nánast öllum löndum Evrópu. Almenna reglan er að þau eru ákvörðuð með lagasetningu. Undantekningin eru Norðurlöndin auk Þýskalands, Austurríkis og Ítalíu.

<sup>1</sup> Um lágmarkslaun í Evrópu og hlutfall þeirra af meðallaunum sjá úttekt Dyflinar-stofnunarinnar (2007) *Minimum Wages in Europe, Background Paper*.

<sup>2</sup> Sjá úttekt Dyflinar-stofnunarinnar (2007), bls. 3.

<sup>3</sup> Sjá úttekt Dyflinar-stofnunarinnar (2007), bls. 6-7.

... en minni þegar skoðuð eru hlutföll lágmarkslauna af meðallaunum





Á Norðurlöndunum er stéttarfélagsaðild mjög mikil (m.a. vegna umsýslu þeirra með atvinnuleysistryggingar) þannig að taxtar kjarasamninga hafa að mestu ígildi lágmarkslauna. Svipað fyrirkomulag á við um Ísland en auk þess er kveðið á um í lögum að óheimilt sé að greiða lægri laun en samið er um í kjarasamningum.


Í Austurríki er lögbundin skylduaðild fyrirtækja að heildarsamtökum atvinnurekenda þannig að þar hafa taxtar kjarasamninga einnig ígildi lágmarkslauna. Á Ítalíu er kveðið á um „sanngjörn laun“ í stjórnarskrá en það þýðir í raun að litið er á lægstu umsömdu laun í hverri atvinnugrein sem lágmarkslaun. Það er aðeins í Þýskalandi sem varla er hægt að tala um einhvers konar lögvarin lágmarkslaun.



## Hvað ræður launabreytingum?

Hvað ræður launabreytingum á almenna vinnumarkaðnum? Að hve miklu leyti ráðast launabreytingar t.d. af almennum launahækkunum kjarasamninga og að hve miklu leyti af öðrum þáttum s.s. launaskriði. Í nýlegri rannsókn<sup>4</sup> var launamyndunin skoðuð með aðstoð gagna frá Hagstofu Íslands.<sup>5</sup> Á eftirfarandi mynd má sjá hversu stórt hlutfall launafólks í rannsókninni fékk launahækkun á ákveðnu bili. Þannig fengu t.d. 15,3% úrtaksins 3,5% launahækkun á milli árunna 1998 og 1999 og 42,3% úrtaksins fengu 4% launahækkun á sama tíma.

Dreifing  
launabreytinga og  
verðbólga



<sup>4</sup> Ólafur Darri Andrason; *Sveigjanleiki launa á íslenskum vinnumarkaði*; Ms ritgerð við HÍ, júní 2007.

<sup>5</sup> Gögnin sýna nóvemberlaun einstaklinga í fullu starfi, á tímabilinu frá 1998 til 2004. Skoðaðar eru breytingar hreinna mánaðarlauna þ.e. launa fyrir dagvinnu án álagsgreiðslna. Gögnin ná til eftirfarandi atvinnugreina; iðnaðar, byggingastarfsemi og mannvirkjagerðar, verslunar og samgangna og flutninga, fyrir eftirfarandi störf; verkafólk, iðnaðarmenn, þjónustu-, sölu og afgreiðslufólk og skrifstofufólk. Skoðaðar eru paraðar launabreytingar þ.e. breytingar á launum sama einstaklingsins hjá sama atvinnurekanda og í sama starfi, milli hvers tólf mánaða. Færslum þar sem breytingar hreinna mánaðarlauna eru meiri en +/- 20% er sleppt.



Í eftirfarandi töflu eru dregnar saman helstu niðurstöður varðandi launabreytingarnar:

### LAUNABREYTINGAR

Hlutfallsleg breyting milli ára	'98/'99	'99/'00	'00/'01	'01/'02	'02/'03	'03/'04
Meðaltal breytinga	5,6	7,2	6,5	4,8	5,2	5,7
Hlutfall fær hækkun skv. kjarasamningum *	42,3	20,5	29,5	53,8	50,6	33,4
Hlutfall sem nýtur launaskriðs	38,5	55,5	67,1	42,5	44,0	46,8

\*Hér er miðað við algengustu almennar hækkunar kjarasamninga

Meðal launabreytingar eru misjafnar eftir árum, eða frá 4,8% til 7,2%. Á bilinu 20,5% til 53,8% úrtaksins fengu algengustu almennu hækkunar kjarasamninga á hverju ári en 38,5% til 67,1% úrtaksins fengu meiri hækkunar. Venjulega er rætt um slíkar hækkunar umfram almennar hækkunar kjarasamninga, sem launaskrið.

### Launaskrið

Það er fróðlegt að skoða þessar niðurstöður í ljósi efnahagsástandsins á einstökum árum. Mikill gangur var í efnahagslífinu framan af tímabilinu. Hópurinn sem naut launaskriðs fór vaxandi og náði hámarki 00/01 þegar tveir af hverjum þremur nutu launaskriðs. Viðsnúningur varð 01/02. Þá hægði á efnahagslífinu og við það dró úr launaskriði og þeim fjölgaði mjög sem fengu hækkunar í samræmi við almennar hækkunar kjarasamninga. Umfang launaskriðsins virðist því vera í ágætu samhengi við það sem er að gerast í hagkerfinu. Á penslutímum eru kjarasamningar „hóflægur grunnur“ launahækkana en raunverulegar launabreytingar ráðast að stórum hluta í einstaklingsbundnum samningum.

Launaskrið ræðst af efnahagsástandinu

### Breytingar á raunlaunum/kaupmætti

Það er ekki úr vegi að skoða næst hvernig launabreytingarnar koma út þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgu. Hér eru breytingar á launum í krónutölu kallaðar nafnlaunabreytingar og launabreytingar að teknu tilliti til verðbólgu raunlaunabreytingar. Hugtakið raunlaunabreytingar er það sama og kaupmáttarbreytingar, þ.e. þegar raunlaun hækka þá vex kaupmáttur og þegar raunlaun lækka þá er kaupmáttur að dragast saman.

Þegar tillit hefur verið tekið til verðbólgu blasir við gjörbreytt mynd. Eins og sjá má í töflunni hér fyrir aftan, þá er mikill meirihluti úrtaks með óbreytt eða lægri raunlaun á tveimur tímabilum af sex og í kringum helmingur á öðrum tveimur. Það er einungis á tveimur tímabilum af sex sem afgerandi meirihluti hækkar í raunlaunum.

Verðbólgan gjörbreytir myndinni

### BREYTING RAUNLAUNA

Hlutfallsleg breyting milli ára	'98/'99	'99/'00	'00/'01	'01/'02	'02/'03	'03/'04
Meðaltal	0,6	2,5	-1,5	2,3	2,6	1,9
Hlutfall með óbreytt eða lægri laun	63,2	45,8	71,3	3,6	3,3	54,2
Hlutfall sem hækkar í launum	36,8	54,2	28,7	96,4	96,7	45,8

Þrátt fyrir að raunlaun mjög stórra hópa séu óbreytt eða lækki milli ára á fjórum tímabilum af sex, þá jukust meðalraunlaun úrtaksins, á fimm tímabilum af sex. Það var aðeins á tímabilinu 00/01 sem raunlaun drógust að meðaltali saman. Skýringin á því að raunlaun aukast að meðaltali milli sumra ára, þrátt fyrir að raunlaun stórs hóps séu að dragast saman, er sú að þeir sem eru með jákvæða raunlaunabróun á annað borð, eru margir hverjir að hækka mjög mikið í launum og lyfta því meðaltalinu.

Stærsti hópurinn hækkar skv. kjarasamningum



Skýringin á raunlaunasamdrætti stórra hópa liggur í mikilli verðbólgu á tímabilinu. Stærsti einstaki hópurinn hækkar í samræmi við almennar kjarasamningsbundnar hækkanir en þær halda ekki í við verðbólgu á fjórum tímabilum af þeim sex sem til skoðunar eru. Í töflunni hér fyrir aftan má sjá samanburð á verðbólgu milli nóvembermánaða hvers árs og algengustu kjarasamningsbundnu launahækkana.

#### VERÐBÓLGA OG LAUNABREYTINGAR

Hlutfallsleg breyting milli ára	'98/'99	'99/'00	'00/'01	'01/'02	'02/'03	'03/'04
Almennar launahækkanir	3,7	3,9	3,0	3,0	3,15 -3,40	3,3
Verðbólga	5,0	4,6	8,1	2,4	2,5	3,8

Kaupmáttur stórra hópa minnar í þenslu

#### Vangaveltur um launamyndunina

Að hve miklu leyti ráðast launabreytingar af kjarasamningum og að hve miklu leyti af einstaklingsbundnum samningum? Það er ljóst að stór hluti launamyndunarinnar fer fram utan kjarasamninga. Launaskrið er algengt, en á bilinu 38,5% til 67% njóta launaskriðs á hverju ári. Sterkt samhengi er á milli efnahagsástandsins og þess hve stór hluti launafólks nýtur launaskriðs.

Hvað skýrir launaskriðið? Sterkt samhengi er milli þenslu og verðbólgu. Þegar þensla er mikil eykst verðbólgan. Almenn launaskrið virðist síðan fylgja í kjölfar hækkandi verðbólgu.

Geta nafnlaun lækkað? Nafnlaunin mæld sem hrein mánaðarlaun eru mjög tregbreytileg niður á við. Aðeins óverulegur hluti launafólks hækkar minna í hreinum mánaðarlaunum en sem nemur kjarasamningsbundnum hækkunum. Því er ekki er að sjá að fyrirtækin nýti sér það að lækka laun með því að færa greitt kaup að taxa (fella niður yfirborganir).

Hvernig breytast raunlaun? Raunlaun á Íslandi eru sveigjanleg. Það hefur löngum verið þekkt staðreynd að Íslendingar héldu atvinnustiginu uppi með því að láta raunlaun sveiflast. Þrátt fyrir að breyting hafi orðið eftir 1990, er ljóst að raunlaun stórs hóps eru að lækka, þrátt fyrir að meðalkaupmáttur aukist. Samkvæmt rannsókninni er það aðeins í tveimur tilvikum af sex sem kaupmáttur nær allra hækkar. Á hinum tímabilunum stendur kaupmáttur 45,8% til 63,2% í stað eða minnkar. Mest áberandi er þetta í þenslunni á upphafstímabilunum. Ástæður þess að raunlaunin eru svo sveigjanleg, eru að verðbólgan var mikil á þessum tíma og meiri en almennar launahækkanir kjarasamninga. Þeir sem nutu mikils launaskriðs fengu aukinn kaupmátt en kaupmáttur þeirra sem fengu lítið launaskrið eða einungis hækkunir kjarasamninga, rýrnaði.



## Launapróunin 2004 – 2007

Hvernig hafa laun einstakra hópa á almenna vinnumarkaðnum þróast frá 2004? Til þess að átta sig á því voru fengin gögn frá Hagstofunni sem sýna annars vegar meðal launabreytingar einstakra hópa eftir árum og hins vegar hvernig launabreytingarnar dreifast innan hópanna. Gögnin sýna breytingar reglulegra launa<sup>6</sup> milli febrúarmánaða ár hvert og ná til eftirfarandi atvinnugreina; iðnaðar (D), mannvirkjagerðar (F), verslunar (G) og samgangna (I)<sup>7</sup>.

### Meðallaunabreytingar einstakra hópa

Launabreytingar einstakra hópa eru nokkuð misjafnar eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Hlutfallsleg breyting	MEÐALLAUNABREYTINGAR OG KAUPMÁTTARAUKNING			Kaupmáttar- aukning	
	2004-2005	2005-2006	2006-2007	Uppsafnað '04-'07	'04-'07
Allir	9,6	8,4	10,8	31,6	12,7
Verkfólk	9,5	8,3	12,8	33,8	14,5
Iðnaðarmenn	8,5	8,5	9,4	28,8	10,2
Afgreiðslufólk	11,1	8,7	10,9	33,9	14,6
Skrifstofufólk	10,2	8,2	9,8	30,9	12,1
Tæknar	10,1	8,5	8,0	29,0	10,4
Sérfræðingar	8,3	9,6	8,2	28,4	9,9
Stjórnendur	9,7	7,7	9,3	29,1	10,5

Inni í launahækkunum tímabilsins 2004 - 2005 eru tvær almennar launahækkanir kjarasamninga, þ.e. 3,25% upphafshækkun kjarasamninganna 2004 og 3% hækkunin 1. janúar 2005.

Almennt hækkuðu launin í kringum 30% frá febrúar 2004 til febrúar 2007. Vegið meðaltal allra launabreytinga er 31,6%. Laun verkamanna og afgreiðslufólks hækkðu mest, eða um tæp 34%. Sérstök ákvæði kjarasamninga um hækkun lægstu launa vóg þungt hjá þeim hópum, sérstaklega áhrif 15.000 kr. taxtaviðaukans sem kom inn í kjarasamningana árið 2006. Verðbólgan á tímabilinu frá febrúar 2004 til febrúar 2007 var um 16,8% og jókst kaupmáttur einstakra hópa því á bilinu 9,9% til 14,6%. Meðaltalskaupmáttur allra hópanna jókst um 12,7%.

Hækkun lægstu launa  
vóg þungt

### Hvernig dreifast launabreytingarnar?

Á blaðsíðunum hér fyrir aftan eru birtar myndir sem sýna dreifingar launabreytinga hópanna milli einstakra tímabila. Myndirnar sýna hversu stórt hlutfall viðkomandi hóps fær launahækkun á ákveðnu bili. Þannig fá t.d. 27,6% hópsins *Allir* 6% launahækkun milli árána 2004 og 2005. Gráa lóðréttu strikið á myndunum sýnir verðbólguna.

Á myndunum kemur fram hjá hversu stórum hluta hópsins kaupmáttur jókst og einnig hjá hversu stórum hluta hópsins kaupmáttur rýrnaði. Þannig jókst sem dæmi kaupmáttur 81% hópsins *Allir* milli árána 2004 og 2005 en kaupmáttur 19% hópsins rýrnaði á sama tíma.



<sup>6</sup> Regluleg laun eru laun fyrir umsaminn vinnutíma skv. kjarasamningum, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Ekki er tekið tillit til uppmælinga eða óreglulegra álags- eða viðbótargreiðslna.

<sup>7</sup> Hér eru ekki skoðaðar launabreytingar í fjármálaþjónustu og því eru gögnin nokkuð frábrugðin þeim gögnum sem t.d. liggja til grundvallar launavísitölu.





## BREYTINGAR REGLULEGRA LAUNA




Ath: Breyting reglulegra launa frá febrúar til febrúar, í iðnaði (D), mannvirkjagerð (F), verslun (G) og samgöngum (I).  
Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar ASÍ.




## BREYTINGAR REGLULEGRA LAUNA


### IÐNAÐARMENN




### AFGREIÐSLUFÓLK




### 2005 - 2006




### 2005 - 2006



### 2006 - 2007



### 2006 - 2007




Ath: Breyting reglulegra launa frá febrúar til febrúar, í iðnaði (D), mannvirkjagerð (F), verslun (G) og samgöngum (I).  
Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar ASÍ.




## BREYTINGAR REGLULEGRA LAUNA


### SKRIFSTOFUFÓLK




### TÆKNAR




### 2005 - 2006




### 2005 - 2006



### 2006 - 2007



### 2006 - 2007




Ath: Breyting reglulegra launa frá febrúar til febrúar, í iðnaði (D), mannvirkjagerð (F), verslun (G) og samgöngum (I).  
Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar ASÍ.




## BREYTINGAR REGLULEGRA LAUNA


### SÉRFRÆÐINGAR




### STJÓRNENDUR




### 2005 - 2006




### 2005 - 2006



### 2006 - 2007



### 2006 - 2007



% launabreytingar

% launabreytingar

Ath: Breyting reglulegra launa frá febrúar til febrúar, í iðnaði (D), mannvirkjagerð (F), verslun (G) og samgöngum (I).  
Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar ASÍ.